

## **VARP DÝPKUNAREFNA VEGNA LANDEYJAHAFNAR, RANGÁRÞINGI EYSTRÁ**

### **Ákvörðun um matsskyldu**

#### **NIÐURSTAÐA**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að losun 150.000 m<sup>3</sup> af dýpkunarefni vegna dýpkunar Landeyjahafnar, Rangárþingi eystra, og losun 20.000 m<sup>3</sup> á ári til að viðhalda dýpi í innsiglingarennu sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er losun dýpkunarefnis í hafið háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Siglingastofnun Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins, vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 20. apríl 2010.

17. mars 2010

Skipulags  
stofnun

## INNGANGUR

Þann 18. janúar 2010 voru tilkynnt til Skipulagsstofnunar af VSÓ Ráðgjöf ehf., f.h. Siglingastofnunar Íslands, áform um losun dýpkunarefna vegna byggingar Landeyjahafnar, Rangárþingi eystra, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Rangárþings eystra, Hafrannsóknastofnunarinnar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Rangárþingi eystra með bréfi dags. 10. mars 2010, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 1. mars 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 2. febrúar 2010.

Frekari upplýsingar bárust frá VSÓ Ráðgjöf, f.h. Siglingastofnunar Íslands, með tölvupósti dags. 15. febrúar 2010.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Um er að ræða breytingu á framkvæmd vegna Landeyjahafnar, sem áður kallaðist Bakkafjöruhöfn og farið hefur í gegnum mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. Gert var ráð fyrir að efni vegna dýpkunar hafnarinnar yrði varpað á land en nú er gert ráð fyrir að losa dýpkunarefnið í sjó.

Dýpka þarf innsiglingarrennu og snúningssvæði hafnarinnar og er áætlað að taka um 150.000 m<sup>3</sup> af efni af sjávarbotni, vegna þeirrar framkvæmdar. Jafnframt þarf að viðhalda dýpinu með því að taka árlega um 20.000 m<sup>3</sup> af efni af sjávarbotni í innsiglingarrennu. Gert er ráð fyrir að dýpkunarefni verði losað í hafið á um 20 m dýpi utan við sandrif, sem staðsett er utan hafnarinnar, um 2 km suður af ósi Markarfljóts og um 3 km suðaustan við hafnarstæði Landeyjahafnar. Gert er ráð fyrir að þykkt dýpkunarefnis á sjávarbotni verði að jafnaði innan við 2 m og þeki um 90.000 m<sup>2</sup> svæði. Dýpkunarefnið er fíngerður sandur, að mestu á bilinu 0,1-1 mm, sem er grófara set en á þeim stað sem losa á dýpkunarefnið.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að losna við botnefni, sem fellur til vegna dýpkunar Landeyjahafnar. Fyrirhugað er að höfnin verði dýpkuð vorið 2010 og árlega verði dýpi viðhaldið með dælingu að sumarlagi, eins lengi og þörf verður á.

**Áhrif á lífríki og nytjar.** Fram kemur að dýpkunarefni verði losað á svæði þar sem í gildi er bann við öllum veiðum (reglugerð nr. 732/1997). Því séu ekki til gögn um veiðar á svæðinu við Bakkafjöru. Hugsanlegt sé að vegna losunar dýpkunarefnis verði lífríki á sjávarbotni mögulega fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna. Fram kemur að sjávarbotn sé sendinn og lífrænt efni hafi ekki mælst í botnsýnum, sem tekin hafa verið til kornastærðarmælingar. Vegna öldugangs á svæðinu sé líklegt að botnset hreyfist mikið og botn geti breyst mikið á stuttum tíma. Því sé ólíklegt að varanleg áhrif framkvæmdanna á fiskistofna verði neikvæð. Þó ekki liggi fyrir upplýsingar um lífríki á fyrirhuguðum losunarstað, sé talið að áhrif framkvæmdanna á lífríki verði ekki umtalsverð.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að fyrirhugað losunarsvæði er utan netlaga, sem eru stjórnsýslumörk sveitarfélaga á haf út (115 m frá strönd, miðað við stórstraumsfjöru).

Það er mat framkvæmdaraðila að umhverfisáhrif vegna vörpunar dýpkunarefnis frá Landeyjahöfn geti ekki talist umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Rangárþing eystra, Hafrannsóknastofnunin og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

**Áhrif á lífríki sjávar.** Hafrannsóknastofnunin bendir á að samkvæmt útreikningum Siglingastofnunar gæti áhrifa öldu á botn að jafnaði niður á 11 m dýpi við Landeyjahöfn en lítil hreyfing sé á efni neðan við 20 m dýpi. Dýpi á þeim stað sem losa á dýpkunarefnið sé meira og því sé ekki hægt að útiloka að þar sé lífríki nokkuð stöðugt. Bent er á að í tilkynningu Siglingastofnunar um fyrirhugaða losun hafi verið boðað að botnsýni yrðu tekin innan væntanlegs losunarsvæðis, m.a. til að kanna lífrænt efni í setinu. Sýnin hafi verið tekin eftir að tilkynningin barst Skipulagsstofnun en hins vegar hafi lífrænt efni ekki verið mælt í þeim botnsýnum.

Í svari VSÓ Ráðgjafar er bent á að á losunarstað sé hlutfall fíngerðs botnefnis (<0,063 mm) 2 - 2,8% og því líklegt að hlutfall lífræns efnis í seti sé innan við 2%.

Hafrannsóknastofnunin og Umhverfisstofnun benda á að ekki liggi fyrir upplýsingar um lífríki á fyrirhuguðum losunarstað eða í námunda við hann og því sé óvissa um hugsanleg áhrif losunarinnar á lífríkið. Segir Hafrannsóknastofnunin að í ljósi þess að til standi að losa allt að 150.000 m<sup>3</sup> af efni á 90.000 m<sup>2</sup> svæði á hafsbotni, auk þess sem þar á að losa efni reglubundið vegna viðhalds á dýpi í Landeyjahöfn, telji stofnunin eðlilegt að lífríki á losunarstað verði kannað, áður en framkvæmdir hefjist. Þannig verði kannað hvort þar sé að finna sérstakar lífverur eða lífríki sem hafi verndargildi. Vísar Hafrannsóknastofnunin til álagspóls strandsvæða í 3.viðauka reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum (liður 2. iv b). Að könnun lokinni ætti að vera unnt að meta hvort fyrirhugaður losunarstaður sé heppilegur eða ekki. Að öðru leyti telur Hafrannsóknastofnunin ekki ástæðu til að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Í svari VSÓ Ráðgjafar er bent á að í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um frummatsskýrslu vegna framkvæmda við Bakkahöfn (þ.e. Landeyjahöfn) hafi Hafrannsóknastofnunin ekki gert athugasemdir við hafnarframkvæmdirnar, né dýpkun hafnarinnar. Hafrannsóknastofnunin hafi talið hafnarsvæðið tiltölulega lítið í samhengi við suðurströnd landsins, hafnarsvæðið væri auk þess líkt öðrum hafsvæðum við Suðurland og ólíklegt að hafnarframkvæmdir myndu hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Bendir VSÓ Ráðgjöf á að Landeyjahöfn sé um 23 ha að stærð en fyrirhugað losunarsvæði verði um 9 ha. Ávallt sé óvissa um umhverfisáhrif framkvæmda en í þessu tilviki sé óvissan lítil og ekki sé forsvaranlegt að ráðast í frekari rannsóknir.

Í svari VSÓ Ráðgjafar kemur fram að samkvæmt botndýrarannsókn við Þorlákshöfn, sem vísað var til í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, megi gera ráð fyrir umtalsverðum áhrifum ölduróts á botnset á 40 m dýpi utan við Þorlákshöfn og þar sé botndýralíf lagað að óstöðugu umhverfi. Bent er á að fyrirhugaður losunarstaður úti fyrir Landeyjahöfn sé á 20-25 m dýpi og samkvæmt rannsókn á setflutningi sé meginhreyfing botnefnis niður á um 11 m dýpi úti fyrir Landeyjahöfn en þar sé botnset þó einnig á hreyfingu á 30 metra dýpi. Loks er bent á að í lögum um mat á umhverfisáhrifum eru umtalsverð umhverfisáhrif skilgreind sem veruleg og

óafturkræf áhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu, sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum. Ekki verði séð að losun dýpkunarefna vegna Landeyjahafnar falli undir slíka skilgreiningu.

**Áhrif á nytjar.** Hafrannsóknastofnunin bendir á að fyrirhuguð losun dýpkunarefna muni ekki skaða veiðisvæði þar sem veiðar á losunarsvæði séu bannaðar (reglugerð nr.732/1997). Jafnframt er bent á að losunarsvæði verði í nánd við rafstrengi, vatnslagnir og fleiri lagnir í sjó sem framkvæmdin þurfi að taka tillit til.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á framkvæmd vegna Landeyjahafnar (áður Bakkafjöruhöfn) þannig að losa á dýpkunarefni, sem til fellur vegna dýpkunar hafnarinnar, í sjóinn stað þess að nota efnið til að hækka land umhverfis hafnarsvæðið eins og áður stóð til. Vegna dýpkunar innsiglingarrennu og snúningssvæðis hafnarinnar verður um 150.000 m<sup>3</sup> af efni tekið af sjávarbotni og árlega um 20.000 m<sup>3</sup> af efni til að viðhalda dýpi í innsiglingarennu. Losunarsvæðið verður á stað um 3 km suðaustan við Landeyjahöfn, þar sem dýpi er um 20 m.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur líklegt að sjólag og náttúrulegir setflutningar eftir hafsbotni utan við Landeyjahöfn hafi áhrif á eðli lífríkis strandsvæðisins og geri það að verkum að það þoli betur áhrif losunar dýpkunarefna, en lífríki sem er aðlagð kyrrara sjólagi. Stofnunin telur að varp dýpkunarefnis úr Landeyjahöfn suðaustan við höfnina geti leitt til rasks fyrir lífríki á losunarsvæðinu en það verði ekki verulegt m.a. með hliðsjón af stærð losunarsvæðisins í samanburði við sambærilega samfellda strandlengju við Suðurland og einnig í ljósi þess að umhverfisáðstæður gefa ekki tilefni til að ætla að þar sé gróskumikið lífríki, þó óhjákvæmilega sé nokkur óvissa um þátt lífríkisins. Hafrannsóknastofnunin telur að m.a. í ljósi óvissu um lífríki svæðisins sé eðlilegt að lífríkið verði kannað áður en leyft verður að losa dýpkunarefnið á þessum stað og með tilliti til þess hvort þar er að finna sérstakar lífverur eða lífríki sem hafi verndargildi. Skipulagsstofnun tekur undir að þetta verði gert og telur að niðurstöður könnunarinnar gætu nýst við að ákveða fyrirkomulag losunarinnar. Þá telur Skipulagsstofnun að slík rannsókn skapi grunn til vöktunar síðar ef leyfisveitandi telur þörf á henni.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu VSÓ Ráðgjöf ehf., f.h. Siglingastofnunar Íslands, við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að losun 150.000 m<sup>3</sup> af dýpkunarefni vegna dýpkunar Landeyjahafnar, Rangárþingi eystra, og losun 20.000 m<sup>3</sup> á ári til að viðhalda dýpi í innsiglingarennu sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er losun dýpkunarefnis í hafið háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Siglingastofnun Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 20. apríl 2010.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson

